

Akureyrarbær
Geislagötu 9
600 Akureyri

Reykjavík 26. apríl 2019
UST201902-230/S.A.J.
08.14.00

Efni: Endurskoðun - lokunarfyrirmæli urðunarstaða

Samkvæmt 61. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs ber rekstraraðila urðunarstaðar að vakta lokaða urðunarstaði svo lengi sem telja má að mengunarhætta stafi af urðunarstaðnum, að jafnaði í 30 ár. Umhverfisstofnun skal láta þinglýsa fyrirmælum um frágang og vöktun urðunarstaðarins eftir lokun og endurskoða þau fyrirmæli á þriggja ára fresti.


Umhverfisstofnun hefur nú farið yfir fyrirmæli um vöktun og gagnaskil vegna lokaðs urðunarstaðar Akureyrarbæjar í Glerárdal. Endurskoðunin hefur leitt í ljós að mati Umhverfisstofnunar að ekki er tilefni til breytinga á fyrirmælunum að svo stöddu enda hefur rekstraraðili ekki staðið skil á neinum gögnum samkvæmt fyrirmælunum.

Stofnunin mun endurskoða fyrirmælin á nýjan leik að þremur árum liðnum. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest í 7 daga frá dagsetningu þessa bréfs til að gera athugasemdir við niðurstöðuna og byrjar kærufrestur sbr. lög nr. 55/2003 að líða að þeim tíma liðnum.



Agnar Bragi Bragason
teymisstjóri

Virðingarfyllst



Sverrir Aðalsteinn Jónsson
sérfræðingur